

**Nd.**

## **26. Frumvarp til laga**

[26. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir,  
Gunnar G. Schram.

### 1. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrir mælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

Það telst óvígð sambúð samkv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og skal þeim beitt við skipti á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.

### Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er snertir fjármálauppgjör við sambúðarslit. Margsinnis hefur komið fram mikið misrétti við slíkt uppgjör og oft risið upp vandasöm mál sem mörg ár hefur tekið að leysa vegna þess að alla lagavernd vantar við slit á óvígðri sambúð. Eignamyndun er oftast sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint þegar kona vinnur á heimili og stuðlar þannig að bættri aðstöðu karlmannsins til tekjuöflunar.

Nefna má að stundum stendur sambúð svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Ef um eignamyndun í húsnæði er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit þegar aðeins annar aðilinn er skráður eigandi fasteigna. Í hæstaréttardómum má sjá að oft hefur verið farin sú leið, til að draga úr mesta óréttlætínu, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. Það liggur þó í augum uppi, ef eignamyndun hefur verið mikil á sambúðartímanum, að slík þóknun getur verið hverfandi í samanburði við eignirnar. Hin síðari ár hefur þó niðurstaða dómstóla um slit óvígðrar sambúðar í auknum mæli verið sú, til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu, að farið er að dæma um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Með þeirri stefnubreytingu er að nokkru leyti tekið tillit til framlags beggja til eignamyndunar sem orðið hefur á sambúðartímanum. Ljóst er þó að dómstólaleiðin er bæði erfið, dýr og oft seinvirk. Það getur því tekið nokkur ár að fá niðurstöðu um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð. Með þeirri leið, sem hér er lögð til í þessu frumvarpi — að skiptarétti verði heimilt að skipta búi sambúðarfólks, — yrði komið í veg fyrir löng og erfið málaferli fyrir almennum dómstólum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á athyglisverðar upplýsingar sem komu fram í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir dósent flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 og sýna ljóslega hve brýnt er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð við sambúðarslit að því er varðar fjármálauppgjör. Þar kemur fram að þingfest mál varðandi fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar í bæjarþingi Reykjavíkur voru milli 80—90 árið 1982, en á milli 90—100 á árinu 1983.

Sú breyting, sem hér er lögð til um skipti á dánarbúum og félagsbúum, mundi tvímælalaust gera fjármálauppgjör við slit á óvígðri sambúð auðveldara viðfangs og koma í veg fyrir fjárhagstjón annars aðilans sem því miður hefur orðið raunin á undanförunum árum.

Ljóst er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, hefur vaxið ár frá ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í Hagtíðindum í janúar 1985, er fjöldi þeirra, sem eru í óvígðri sambúð, 10 594. Börn foreldra, sem búa í óvígðri sambúð, eru 5 147. Sennilegt er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, sé mun meiri en upplýsingar eru um hjá Hagstofu.

Á það skal bent að Alþingi lét þetta mál til sín taka á árinu 1980, en þá var lögð fram þingsályktunartillaga frá þingmönnum Alþýðuflokksins um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt 17. febrúar 1981 og hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitargerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.“

Þó að á 5. ár sé liðið frá samþykkt þessarar tillögu situr allt við það sama í þessu hagsmunamáli fólks í óvígðri sambúð. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, einkum efnahagsleg, einkennist því áfram af öryggisleysi og óvissu við slit sambúðar. — Allt að einu liggur þó fyrir vilji Alþingis um að tryggja beri réttarstöðu þessa fólks með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að mikið sé í húfi og að Alþingi eigi að taka þegar af skarið til að tryggja eignarrétt í óvígðri sambúð. Verði skiptarétti heimilt að skipta búi sambúðarfólks yrði hvort tveggja í senn hægt að koma í veg fyrir tímafrekan málarekstur við slit á óvígðri sambúð og — það sem ekki er minna um vert — að hindra að annar sambúðaraðilinn bíði mikið fjárhagslegt tjón þegar upp úr sambúð slitnar.

Norrænar sifjalaganefndir, bæði í Danmörku og Noregi, hafa lagt til að þessi leið verði farin og í Svíþjóð liggur fyrir frumvarp þar um.

Í fylgiskjali I með þessu frumvarpi er kafli úr ritgerð Guðrúnar Erlendsdóttur dósents í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti, nóvember 1981, um „Fjármál hjóna og sambúðarfólks“. Er þar greint frá norrænni samvinnu á þessu sviði og umfjöllun dönsku og norsku sifjalaganefndanna um þetta mál, svo og dómum um sameign. — Sérstaklega skal bent á álit dönsku sifjalaganefndarinnar sem telur mikilvægt að fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar geti komið fyrir skiptarétt. Að auki má benda sérstaklega á þann kafla í ritgerðinni sem ber heitið „Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?“ Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að breyta skiptalögum á þann veg að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Í fylgiskjali II er birtur hluti erindis Guðrúnar Erlendsdóttur sem hún flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 þar sem raktir eru íslenskir dómar sem gengið hafa vegna slita á óvígðri sambúð.

## Fylgiskjal I.

**Guðrún Erlendsdóttir dósent:**

### **FJÁRMÁL HJÓNA OG SAMBÚÐARFÓLKS**

(Úr grein í Tímariti lögfræðinga 1981, 3. hefti, bls. 137—144.)

#### **Dómar um sameign.**

Í íslenskum dómum hafa verið gerðar mjög strangar kröfur til sönnunar á því, að eign, sem hefur myndast á sambúðartíma, verði talin sameign aðila. Slíkt var þó talið í einum dómi frá 1967, og í hæstaréttardómi 1978 (bls. 895), sem var um fjárskipti sambúðarfólks, er búíð hafði saman í 4 ár. Sagði í sératkvæði eins dómara, að lagarök stæðu til þess, að konan öðlaðist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúðinni stóð. Í hrd. frá 4. febrúar 1981, sem fjallaði um fjárskipti milli karls og konu, sem búíð höfðu saman í 2½ ár, var konunni dæmd peningaupphæð fyrir hlutdeild hennar í eignamynduninni. Er þetta athyglisverður dómur og virðist fela í sér stefnubreytingu hjá Hæstarétti í þessum málum. Að öðru leyti hefur ekki verið viðurkennt í íslenskum dómum, að sameign myndist á sambúðartíma.

Í Svíþjóð hefur verið tilhneiging til að líta svo á, að íbúð og innbú séu sameign við slit sambúðar, en dómar veita þó ekki glögg svör um þetta. Þarna er ekki átt við sameign í fjármunalegum skilningi, heldur er þetta skiptaregla.

Tveir sænskir dómar, hofréttardómar, fjölluðu um hjón, sem fengið höfðu skilnað að borði og sæng (hemskillnad), en bjuggu áfram saman. Keypt var eign sem samkvæmt skilnaðardóminum var séreign þess, sem keypti, þannig að aðstæður voru svipaðar og hjá sambúðarfólki. Var talið, að sameign gæti myndast, ef eignin væri keypt til sameiginlegra nota, og sá, sem ekki keypti, hefði gert kaupin möguleg með fjárhagsaðstoð sinni, annaðhvort eigin tekjum eða vinnu á heimili, og loks mátti enginn samningur vera á milli aðila þess efnis, að kaupandi hlutar skuli einn talinn eigandi hans.

Í Danmörku hafa gengið margir dómar um sameign við slit sambúðar. Eru margir þeirra reifaðir í bók Inger Margrete Pedersen, Papirlöse samlivsforhold, bls. 83—94, og í Betænkning 915, 1980, bls. 104—112. Eins og þar kemur fram, eru dómarnir margbreytilegir og sýna ljóslega, að sambúðarformin eru ákaflega mismunandi. Af dómunum má ráða, að tilhneiging er til að ætla, að sameign verði um innbú, ef báðir aðilar hafa haft tekjur og sambúð hefur ekki verið stutt. Í öllum dómunum hafa báðir aðilar haft einhverjar tekjur, og virðist ekki vera tekin afstaða til þess, hvort sameign geti myndast, ef annar aðilinn er heimavinnandi; einnig virðist vinna á heimilinu vera metin á mismunandi hátt í dómunum.

Það er rétt að benda á, að skiptaréttur í Danmörku hefur tekið bú sambúðaraðila til skipta, þegar erfitt hefur verið að greina í sundur eignir aðila. Þegar mörgum eignum er blandað saman, er talið fyrir hendi bú, sem hægt er að slíta hjá skiptarétti samkvæmt 82. gr. skiptalaga.

Í norskum rétti er ekki hægt að láta skiptarétt skipta bú sambúðarfólks, og ekki heldur á Íslandi, og gekk um það hæstaréttardómur 1980 (bls. 1489), þar sem ekki var fallist á, að 90. gr. íslensku skiptalaganna, sem fjallar um skipti á öðrum búum en dánarbúum, verði beitt um skipti vegna slita á óvígðri sambúð.

Í Noregi hafa dómstólar viðurkennt sameign í ríkum mæli, bæði þegar báðir aðilar hafa haft tekjur, sem farið hafa til kaupa á hlut, án þess að unnt sé að sanna hlutföll hvors um sig, svo og þegar annar aðili notar sínar tekjur til heimilisútgjalda en hinn notar tekjurnar til fjárfestingar, sérstaklega, ef um er að ræða hluti til sameiginlegra nota, íbúð og innbú. Þótt aðeins annar aðilinn hafi tekjur en hinn sé heimavinnandi hefur sameign verið viðurkennd,

og er það í samræmi við „húsmóður“-dóminn. Í dómi í Rt. 1978:1352 er fjallað um óvígða sambúð. Þar virðist lagt til grundvallar, að hægt sé að nota sömu sjónarmið um sambúð og hjúskap að því er snertir heimavinnu konu. Það er þó talið, að sambúðin verði að vera varanleg og fjárhagsleg samstaða með aðilum til þess að sameign myndist. Þeir dómur, sem dæmt hafa sameign í hjúskap, hafa takmarkað sameignina við sameiginlegan bústað og innbú. Ef um sambúð er að ræða, er talið hugsanlegt, að sameign myndist í öllu búinu, en ekki bara einstökum hlutum. Sambúð hefur einnig verið talin ná til hluta, sem aflað var fyrir sambúðina, ef þeir hafa raunverulega blandast saman við aðrar eignir. Í fyrrgreindum dómi (Rt. 1978: 1352) taldi hæstiréttur, að sameign hefði líka myndast um hluti, sem til voru fyrir sambúðina, því að þeir höfðu blandast öðrum eignum. Dómurinn fjallaði um slit á sambúð vegna andláts annars aðila, og taldi hæstiréttur að 63. gr. norsku skiptalaganna um rétt eftirlifandi maka til útlagningar væri eftir atvikum hægt að nota um eftirlifandi sambúðar- aðila.

Samkvæmt norski lagaframkvæmd er sameign einnig virk meðan sambúðin varir, en er ekki eingöngu skiptaregla. Að því er varðar hlut aðila í sameigninni, virðast dómur ganga langt í þá átt að líta á aðila sem sameigendur að jöfnu.

Framangreindir dómur sýna, að dómstólar á Norðurlöndum fara mismunandi leiðir við fjárskipti vegna sambúðarslita. Þeir leiða einnig í ljós að fjárhagsleg réttarstaða sambúðar- fólks er óörugg.

Þó að aðalreglan sé sú, að sambúðaraðilar hafi sjálfstæðan fjárhag geta ýmsar réttarreglur valdið því, að um víðtæka fjárhagssamstöðu verður að ræða með þeim. Þótt aðilar hafi enga samninga gert um fjármál sín, getur það haft þýðingu samkvæmt almennum reglum fjármunaréttarins, að í raun hafa þau haft sameiginlegan fjárhag. Þetta verður að meta hverju sinni. Taka verður tillit til þess, hvort annar aðilinn hafi lagt eitthvað af mörkum til eignaaukningar hins og það gæti orðið álitafni, hvort annar aðili eigi skaðabótakröfu eða auðgunarkröfu á hendur hinum. Aðstæður geta vitanlega einnig verið þannig, að báðir aðilar hafi lagt fjármuni af mörkum til kaupa á hlut, á þann hátt að um sameign sé að ræða eftir almennum reglum fjármunaréttarins.

Hugmyndir um, að heimavinnandi sambúðaraðili verði virkur sameigandi að öllum eignum, sem myndast í sambúðinni, finnst mér ganga nokkuð langt.

#### **Samvinna Norðurlanda o. fl.**

Á Norðurlöndum hefur hin síðari ár verið fjallað um vandamál fólks í óvígðri sambúð. Fyrirmæli þau, sem sænska sífjalaganefndin fékk 1969, voru á þá leið, að ný hjúskaparlög- gjöf ætti að vera hlutlaus gagnvart öðrum sambúðarformum. Hjónabandið ætti að skipa aðalsætið innan sífjaréttarins, en það ætti að reyna að láta engin þau ákvæði vera í hjúskaparlöggjöfinni, sem sköpuðu vandræði fyrir þá, sem byggju saman ógift. Tilgangurinn með hjúskaparlöggjöfinni ætti að vera sá að leysa raunhæf vandamál og reglurnar ætti að orða þannig, að allir gætu verið þeim fylgjandi. Þá væri hægt að varðveita hjónabandið sem hið almenna sambúðarform fyrir yfirgnæfandi meiri hluta fólks.

Eitt af umræðuefnunum á 27. norræna lögfræðingáþinginu í Reykjavík 1975 var óvígð sambúð (Den papirløse familie), og voru framsögumenn Inger Margrete Pedersen og Kirsti Bull. Niðurstaðan af þeim umræðum var sú, að ekki væri rétt að hafa algert jafnrétti milli þessara tveggja sambúðarforma. Miklar umræður urðu um það, við hvað ætti að miða sambúðina, ákveðinn árafjöldi, börn, skráningu. Var talið, að þetta yrði að athuga í hverju samhengi fyrir sig, og gæti það verið breytilegt eftir því, um hvaða svið væri að ræða.

Aðalframsögumaðurinn var mótfallinn sameignarfyrirkomulagi og lagði fram drög að frumvarpi, sem byggðist á því, að unnt væri að dæma annan aðilann til að greiða hinum

fjárhæð við skiptin til að tryggja að hann yrði ekki bersýnilega illa settur fjárhagslega. Hinn framsögumaðurinn var aftur á móti fylgjandi sameignartilhögun.

Sumarið 1979 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Uppsölum um „Family Living in a Changing Society“, og var þar mikið fjallað um óvígða sambúð og þau vandamál, sem hún hefur í för með sér. Ekki virtist þar vera um neina alþjóðlega tilhneingingu að ræða til að setja yfirlagsmikla löggjöf um óvígða sambúð.

Norðurlandaráð hefur fjallað um nauðsyn þess að setja reglur um óvígða sambúð á fundum sínum 1976, 1978 og 1979. Samþykkt var ályktun til ráðherra nefndarinnar um norræna samvinnu í þessu efni, að stefnt yrði að sem líkustum lausnum í löndunum.

Sifjalaganefndir Norðurlanda hafa haft málefni sambúðarfólks til meðferðar, og hafa verið gefnar út álitserðir um það efni í Danmörku og Noregi. Skýrslur þessar eru mjög ítarlegar, og mun ég í stuttu máli gera grein fyrir niðurstöðum þeim, sem að var komist með tilliti til nauðsynlegrar löggjafar um fjármál sambúðarfólks.

#### **Danska nefndin.**

Nefndin mælir ekki með því að lögfesta almennar reglur um fjármál sambúðarfólks, meðan allt leikur í lyndi hjá þeim, en telur þörf vera á því að vernda þann aðila sem verr stendur að vígi við slit sambúðar. Einnig telur nefndin mikilvægt, að fjárskiptin geti komið undir skiptarétt. Eftirfarandi tillaga kom fram sem viðbót við 82. gr. skiptalaga:

- a) „Opløses et samliv mellem to personer, kan skifteretten foretage deling af deres formue.“
- b) „Ved opløsning af et samliv mellem to personer kan skifteretten pålægge den ene part at yde den anden et beløb for at sikre at denne ikke stilles åbenbart urimeligt (væsentligt ringere end stemmende med billighed), navnlig når hensyn tages til parternes økonomiske forhold og samlivets varighed. Hensyn kan også tages til den insats, den pågældende har ydet til det fælles hjem gennem arbejde, bidrag til det fælles underhold, afsavn eller på en anden måde.“

Þessi ákvæði eru ekki einskorðuð við sambúðarfólk, en miðast þó fyrst og fremst við fjárskipti þeirra.

Nefndin er sammála um, að ekki eigi að lögfesta lögerfðarétt milli sambúðarfólks. Helmingur nefndarmanna telur, að sanngirnisreglan, sem lýst er hér að framan (b) eigi að koma til við skipti, þegar sambúð lýkur vegna andláts annars aðila, en hinn helmingurinn er andvígur því. Nefndin er sammála um, að eftirlifandi sambúðaraðili eigi ekki að hafa rétt til útlagningar eftir virðingu á eignum hins látna.

Danska sifjalaganefndin hefur í fyrri álitserð nr. 4 um skilyrði skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar (719/1974) lagt til, að lögfest verði regla þess efnis að skylda til að greiða fyrrverandi maka framfærslueyri falli niður, ef sá sem réttinn á, stofnar til óvígðrar sambúðar, alveg á sama hátt og hann fellur niður ef hann gengur í hjúskap.

Meiri hluti nefndarinnar vill breyta erfðalögum á þann veg, að erfingi geti krafist skipta, ef eftirlifandi maki í óskiptu búi hefur verið í sambúð í tvö ár.

Meiri hluti nefndarinnar leggur einnig til, að ráðherra fái aukna heimild til að lækka erfðafjárskatt til hagsbóta fyrir sambúðaraðila.

#### **Norska nefndin.**

Nefndin var sammála um að mæla ekki með yfirlagsmikilli löggjöf um óvígða sambúð heldur takmarkaðri löggjöf á sviðum þar sem sérstök þörf er fyrir löggjöf, en tilgangurinn væri fyrst og fremst að vernda veikara aðilann í sambúðinni og börnin. Að öðru leyti yrði að treysta á almennar reglur fjármunaréttarins, þ. á m. reglurnar um sameign og þann dómpraksis, sem orðið hefur um sameign milli sambúðarfólks.

Nefndin leggur til, að við ákvæðið í hjúskaparlögunum um brottfall framfærslueyris, ef það hjóna, sem hans nýtur, giftist að nýju, verði bætt þessum orðum:

„Det samme gjelder dersom den berettigede har bodd og leved sammen med en person av motsatt kjønn i minst ett år.“

Nefndin leggur einnig til, að heimild til setu í óskiptu búi falli niður, ekki einungis ef langlífari maki giftir sig að nýju, heldur einnig ef hann stofnar til sambúðar og hefur búið a. m. k. í eitt ár með persónu af gagnstæðu kyni.

Nefndin mælir með því, að sett verði löggjöf um rétt sambúðaraðila til sameiginlegs bústaðar við slit sambúðar, hvort sem er fyrir andlát eða önnur atvik. Lögin eiga eingöngu að gilda, þegar sambúðaraðilar eiga barn saman eða barn í vændum, eða þegar sambúðin hefur staðið í 3 ár hið skemmsta.

Nefndin gerir enga tillögu um lögfestingu lögerfðaréttar til handa sambúðarfólki.

Álitsgerðir sænsku og finnsku sifjalaganefndanna liggja ekki fyrir, en talið er að verulegur áhugi sé á því, að leysa fjárskiptamál sambúðarfólks á grundvelli sameignarreglna.

Íslenska sifjalaganefndin hefur aðeins að litlu leyti fjallað um vandamál sambúðarfólks og er ekki tilbúin með tillögur um lausn þeirra.

### **Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?**

Margs konar sjónarmið eru uppi um það, hvort lögfesta eigi reglur um óvígða sambúð.

Peir, sem eru á móti sambúð af siðrænum eða trúarlegum ástæðum, telja, að með því að setja lagareglur um óvígða sambúð, sé verið að viðurkenna hana sem eitthvað eftirsóknarvert, fleiri muni velja það sambúðarform, sem annars hefðu gengið í hjúskap, og myndi þetta því veikja hjónabandið sem þjóðfélagsstofnun.

Margir telja, að löggjafinn eigi sem allra minnst að skipta sér af óvígðri sambúð. Ekki sé þörf á að setja reglur milli fullorðinna sjálfstæðra einstaklinga, sem hafa sjálfir valið sitt sambúðarform.

Svo eru það aðrir, sem telja, að um lagalegt jafnrétti eigi að vera að ræða milli giftra og ógiftra sem búa saman. Hér sé um að ræða tvö sambúðarform, sem hafi sama þjóðfélagslega hlutverki að gegna, sérstaklega þegar aðilar eiga börn saman.

Að mínu mati er hjúskapur einfaldasta lausnin og best til þess fallin að mynda ramma um fjölskyldulífið og tryggja best öryggi fólks bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Reglur um hjúskap verða því að vera í samræmi við breytt viðhorf í þjóðfélaginu, þannig að fólk velji hann frekar en sambúð.

Ég tel útilokað að láta reglur hjúskaparlaganna ná yfir sambúðarfólk. Hjúskapur er samningur tveggja einstaklinga, sem fær staðfestingu yfirvalda. Með þessum samningi gangast hjónin undir réttaráhrif þau, sem hjúskaparlöggjöfin segir til um. Sambúðarfólk gengst ekki undir neinn slíkan samning, og ef réttaráhrif hjúskapar ættu einnig að ná til sambúðarfólks, bryti það líklega í bága við 16. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um samþykki hjónaefna til hjónavígslu.

Ég er einnig mótfallin því að sett verði sérlöggjöf um sambúðarfólk. Með því skapast sú hætta, að litið verði á sambúð sem annars flokks hjúskap.

Það sem talar gegn löggjöf er, að hún er alls ekki nauðsynleg og hefur í för með sér fleiri ókosti en kosti. Eins og minnst var á hér að framan, er ákaflega erfitt að komast að niðurstöðu um það, hvaða tegund sambúðar eigi að hafa réttaráhrif, og sambúðartilvikin eru ákaflega mismunandi. Verulegur hluti þess fólks, sem býr saman ógift, gengur síðar í hjúskap. Það má ekki heldur gleyma þeim, sem gagngert hafa valið sambúð í þeim tilgangi að losna við réttaráhrif hjúskapar. Lagareglur myndu því aðeins hafa þýðingu fyrir tiltölulega lítinn hluta sambúðarfólks, og tel ég ekki rétt að lögfesta reglur, sem eiga aðeins hljómgrunn hjá litlum hluta þeirra, sem þær eiga að gilda um.

Á þá löggjafinn að láta sambúðarfólk alveg afskiptalaust? Nei, ekki get ég fallist á það. Það er ekki hægt að líta fram hjá því, að verulegur hluti sambúðarfólks býr saman í lengri tíma og aðeins lítil hluti þeirra hefur reynt að leysa fjárhagsvandamál sín með samningum eða erfðaskrá. Mikil vandamál geta því risið, þegar slík sambúð endar eftir langan tíma, og þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt að setja lagareglur um afmarkað svið, sem byggja á hagsmunalegri samstöðu og verndarsjónarmiðum hjúskaparlöggjafarinnar til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu við fjárskiptin.

Þá kemur aðallega tvennt til greina. Annars vegar að lögfesta reglu um, að þær eignir, sem myndast í sambúðinni og ætlaðar eru til sameiginlegra nota, verði sameign aðila og skiptist samkvæmt því, og hins vegar að lögfesta reglu, sem heimilar að dæma annan aðilann til að greiða hinum fé við skiptin til að koma í veg fyrir, að hann verði illa settur.

Ég hallast frekar að síðari kostinum og tel, að með honum sé hægt að koma í veg fyrir ósanngjörn úrslit fjárskipta milli sambúðarfólks. Að því er fyrri kostinn varðar, þá tel ég hættu á, að þetta sé ekki nægilega sveigjanleg regla og alls ekki sanngjörn í öllum tilvikum.

Ég tel einnig nauðsynlegt að breyta skiptalögum á þann veg, að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Þá tel ég, að ekki eigi að vera fjárhagslega hagkvæmara fyrir fólk að búa saman ógift en gift, og sé því rétt að breyta þeim reglum, sem hafa þau áhrif. Því tel ég rétt, að réttur til framfærslueyris úr hendi fyrrverandi maka falli niður, ef rétt hafi er í varanlegri sambúð, svo og réttur langlífari maka til setu í óskiptu búi. Rétt er að láta sömu reglur gilda í þessum tilvikum, hvort sem gengið er í hjúskap eða sambúð, því að svipuð sjónarmið koma til greina.

## Fylgiskjal II.

**Guðrún Erlendsdóttir dósent:**

### **ÓVÍGÐ SAMBÚÐ**

(Úr erindi sem flutt var á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984.)

Í íslenskum dómum hafa verið gerðar strangar kröfur til sönnunar á því, að eign, sem myndast hefur á sambúðartíma, verði talin sameign aðila. Slíkt var þó talið í hrd. 1967:631. Árið 1981 gekk dómur í Hæstarétti, hrd. 1981:128, þar sem í fyrsta skipti er vikið frá þeirri dómvenju að dæma ráðskonulaun, og var öðrum sambúðaraðila dæmd hlutdeild í þeirri eignamyndun, sem hafði átt sér stað á sambúðartímanum. (Í sératkvæði í hrd. 1978:893 taldi einn dómariinn lagarök benda til þess, að sambúðarkona öðlaðist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúð stóð.) Frá því að sá dómur gekk hafa gengið fjórir hæstaréttardómar um fjárskipti vegna slita á óvígðri sambúð, og virðist vera unnt að lesa úr þeim dómum ákveðna stefnubreytingu hjá Hæstarétti. Að vísu er í tveimur þessara dóma, hrd. 1982:1107 og hrd. 1983:865, dæmd greiðsla vegna vinnuframlags á heimili á sambúðartíma, en hafa ber í huga, að í hvorugu málinu var höfð uppi krafa um hlutdeild í eignamyndun eða um sameign, og bæði málin voru höfðuð áður en hrd. 1981:128 gekk. Í báðum þessum dómum voru sératkvæði tveggja dómara, þar sem tekið var fram, að sambúðarkonan hafi ekki litið á sig sem ráðskonu eða gert áskilnað um launagreiðslu, og einnig var sérstaklega tekið fram, að kröfur væru ekki byggðar á því, að sambúðarkonan hafi öðlast hlutdeild í eignamyndun.

Í hrd. 1982:1141 og hrd. 1982:1412 var viðurkennt, að eign, sem myndaðist á sambúðartíma, væri sameign aðila við slit sambúðar.

Í hrd. 1982:1141 var viðurkennt, að fasteign og söluandvirði bifreiðar væru sameign aðila að jöfnu, en ágreiningur var ekki um aðrar eignir. Sambúð hafði staðið í 3½ ár, bæði unnu fyrir launum utan heimilis og bæði fengu fé að láni. Auk þess fékk M greiddan arf og K tók út sparifé sitt. Síðan segir: „Eignir þær, sem ágreiningur aðilja tekur til, voru keyptar á sambúðartímanum í þágu beggja. Sýnt er, að fé beggja hefur gengið til kaupa á eignum þessum beint eða óbeint, þótt ekki verði séð með vissu, hversu mikið hvort um sig lagði fram. Verður því að telja, að eignir þessar hafi orðið sameign þeirra, þó að þær væru skráðar á nafni áfrýjanda. Þegar þess er gætt, sem nú er rakið, höfð hliðsjón af tekjum aðilja á sambúðartímanum og annarri fjáröflun og litið til yfirlýsingar áfrýjanda í niðurlagi bréfs hans til stefndu 21. júní 1977, sem greind er í héraðsdómi, þykir mega við það miða, að eignarhlutdeild aðilja í hinum umdeildu eignum sé jöfn.“

Í hrd. 1982:1412 var viðurkennd sameign um fasteign, en sambúð aðila hafði staðið árin 1952—1960 og aftur 1962—1973. Á hinu síðara sambúðarskeiði reistu aðilar hús til íbúðar fjölskyldunni, en virðast ekki hafa haft hjúskap í huga. Bygginguna kostuðu þau með söluverði íbúðar, sem var eign K, áður en sambúð hófst, og að öðru leyti af tekjum sínum og með vinnu sinni. Taldi Hæstiréttur, að M hefði öðlast eignarhlutdeild í fasteigninni, þótt hún væri skráð á nafni K. Var litið svo á, að meira en helmingur af byggingarkostnaði hússins hefði verið greiddur með söluverði íbúðar K, en að öðru leyti yrði að gera ráð fyrir, að báðir aðilar hafi staðið straum af byggingarkostnaðinum, en bæði höfðu tekjur af vinnu utan heimilis, og M vann töluvert við bygginguna, en K lagði fram vinnu við sameiginlegt heimilishald. Var eignarhluti M í fasteigninni talinn 20% en hlutur K 80%.

Hrd. 1981:128 — M og K voru í óvígðri sambúð frá því haustið 1970 þar til í apríl 1973, er slitnaði upp úr sambúðinni. M vann úti allan tímann en K frá því um sumarið 1971. Á sambúðartímanum fékk M lóð og hófst handa um að reisa íbúðarhús fyrir þau. Er sambúðin slitnaði, var húsbyggingin skammt á veg komin, og seldi M eignina skömmu eftir sambúðarslit í skiptum fyrir bifreið, sem hann taldi á skattframtali vera andvirði gkr. 350 000. K taldi nettóverðmæti eignarinnar ekki hafa numið lægri fjárhæð en gkr. 1 500 000 og höfðaði hún mál á hendur M til heimtu á gkr. 750 000. Kröfu sína byggði K aðallega á því, að allar eignir, sem myndast hefðu á sambúðartímanum, hafi verið í óskiptri sameign þeirra K og M, og ættu þau tilkall til þeirra að jöfnu. Veruleg eignamyndun hafi átt sér stað á sambúðartímanum, en þau hafi verið eignalaus í upphafi sambúðar. K kvaðst hafa lagt til bæði vinnu og fé til byggingarinnar, en auk þess keypt nær allt til heimilishalds og séð ein um heimilissstörfin. Til vara byggði K kröfu sína á því, að hún ætti rétt á endurgjaldi fyrir vinnu og framlög í þágu sameiginlegs heimilishalds og eignamyndunar á sambúðartímanum. — M krafðist sýknu á þeim grundvelli, að K hafi hvorki lagt fé né vinnu til byggingar hússins, eignin hafi verið skráð á nafn M og talin hans eign á skattframtali. M mótmælti því, að andvirði eignarinnar væri meira en hann hafi gefið upp til skatts. Jafnframt byggði M á því, að við sambúðarslitin hafi K fengið nær allt innbú í sinn hlut, og benti á, að heimilishaldið hafi verið mjög smátt í sniðum, auk þess sem hann hafi haft miklu hærri tekjur en K á sambúðartímanum. Héraðsdómur taldi, að K hefði með vinnu við sameiginlegt heimilishald lagt til vinnuframlag í þágu M og ætti rétt á greiðslu endurgjalds fyrir það vinnuframlag, sem ákveðin var gkr. 80 000. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms, en á öðrum forsendum. Þar er m. a. vísað til lengdar sambúðar og skiptingar vinnutekna á sambúðartímanum. Einnig er bent á, að íbúðarhúsið hafi átt að reisa í þarfir beggja og að í lánsúmsókn til húsnaðismálastjórnar ríkisins hafi þess verið getið, að aðilar væru í sambúð og hjúskapur fyrirhugaður. Síðan segir: „Líkur eru að því færðar, að stefnda hafi innt af hendi nokkurt fé vegna byggingarstarfsemi þessarar og unnið eitthvað við bygginguna. Þykir henni bera nokkur fjárgreiðsla vegna hlutdeildar sinnar í eign þessari, sem áfrýjandi ráðstafaði eftir



sambúðarslitin.“ Tveir dómuranna skiluðu sératkvæði þess efnis, að staðfesta bæri héraðsdóminn, sem ekki hefði verið gagnáfrýjað með vísan til forsendna hans.

Samkvæmt framangreindum dómum þá fer það eftir atvikum hve mikið þarf til að koma til þess að sameign verði talin hafa myndast, og láta dómarnir mörgu ósvarað. Það er þó ljóst, að tekið er tillit til lengdar sambúðar, fjárhagslegrar samstöðu aðila, sameiginlegra nota af eigninni og tekna aðila, þótt ekki sé fullljóst, hvort báðir aðilar verði að leggja fram fé til eignamyndunarinnar. Það þurfa að ganga fleiri hæstaréttardómar um fjárskipti vegna slita sambúðar, þar sem m. a. er tekin afstaða til mismunandi lengdar sambúðar og mismunandi fjárhagslegrar samstöðu aðila, áður en unnt er að leiða almenna reglu af afstöðu Hæstaréttar til þessara mála.

### **Slit sambúðar vegna andláts.**

Þegar sambúðarslit verða vegna andláts annars aðila, þá fer um fjárskiptin milli þeirra eftir sömu reglum og þegar skipt er eftir slit sambúðar í lifandi lífi. Skipta verður búinu milli sambúðaraðila eftir almennum reglum fjármunaréttarins, og á eftirlifandi sambúðaraðili enga kröfu á helmingaskiptum. Við andlát sambúðaraðila geta vaknað efasemdir um eignarétt að vissum eignum alveg eins og við slit sambúðar í lifandi lífi, og verða erfingjar hins látna að virða það, ef sameign er talin hafa myndast milli aðila. Þegar búið er að finna út, hverjar eru eignir hins látna, þá skiptast þær milli erfingja hans. Enginn lögerfðaréttur er milli sambúðarfólks. — Eins og tekið var fram hér að framan, er ekki hægt að skipta eignum sambúðarfólks í skiptarétti, er slitnar upp úr sambúð í lifandi lífi, á grundvelli 90. gr. skiptalaga, sbr. hrd. 1980:1489. Slitni sambúðin hins vegar vegna andláts annars sambúðaraðila og ágreiningur verður milli langlífara sambúðaraðila og erfingja hins skammlífara, þá er leyst úr þeim ágreiningi í skiptarétti. — Samkvæmt upplýsingum frá skiptarétti Reykjavíkur eru það ekki mörg dánarbú, sem koma til opinberra skipta, þar sem um óvígða sambúð hefur verið að ræða. Á árinu 1981 komu 83 dánarbú til opinberra skipta og í 3 tilvikum var þar um óvígða sambúð að ræða. Á árinu 1982 komu 94 dánarbú til opinberra skipta, þar sem í 2 tilvikum var um óvígða sambúð að ræða, og á árinu 1983 komu 89 dánarbú til opinberra skipta, og var um óvígða sambúð að ræða í 4 tilvikum. Í engu þessara tilvika þurfti að leysa úr ágreiningi um tilkall sambúðaraðila með úrskurði réttarins.

Þar sem enginn lögerfðaréttur er milli sambúðarfólks, verður erfðaréttur milli þeirra að byggjast á **erfðaskrá**. Hjón geta gert erfðaskrá, þótt þau séu ekki orðin 18 ára, sbr. 1. mgr. 34. gr. erfðalaga. Ekki er hægt að líta svo á, að unnt sé að beita þessu ákvæði með lögjöfnun um óvígða sambúð. — Hafi eftirlifandi sambúðaraðili verið settur sem erfingi í erfðaskrá, þá hefur hann útlagningarrétt samkvæmt 46. gr. skiptalaga ásamt öðrum erfingjum, en það virðist verða að tiltaka þá hluti sérstaklega í erfðaskrá, sem eftirlifandi sambúðaraðili á að hafa forgangsrétt til. (Dómur í UfR 1959, 427 H: M gerði erfðaskrá, þar sem hann arfleiddi sambúðarkonu sína K, að öllu, sem hann mátti, en hann átti tvær dætur. Í erfðaskránni var einnig tekið fram, að K ætti forgangsrétt að þeim hlutum, sem hún óskaði, samkvæmt mati. Meirihluti Hæstaréttar ógilti það ákvæði.)

Í nýjum lögum um **erfðafjárskatt**, nr. 83/1984, er kveðið svo á, að arfur sambúðaraðila verði skattlagður eins og ef um hjúskap væri að ræða, enda hafi arftaka verið getið sem sambúðarmanns í erfðaskrá. Í 4. gr. laganna segir, að af arfi sem fellur til þess hjóna, sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, skuli engan erfðafjárskatt greiða. Í 2. gr. er skýrgreint hugtakið sambýlismaður, eins og það er notað í lögnum, að það sé sá, sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleidsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleidandans sé ótvírætt getið.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að maður taki **líftryggingu** til hagsbóta fyrir sambúðaraðila sinn, en regla 2. mgr. 104. gr. váttryggingarsamningalaga hefur í för með sér, að krafa til búshluta og skylduarfs gengur fyrir líftryggingarkröfunni, nema tilnefning rétthafa hafi verið

gerð óafturtæk, og einnig verður að greiða erfðafjárskatt af líftryggingarfénu. Þess vegna er heppilegra fyrir sambúðarfólk að taka út gagnkvæma líftryggingu á líf hins, þ. e. hvor um sig tekur tryggingu á líf hins, og þar sem það er sá, sem lengur lifir, sem hefur greitt iðgjaldið, er ekki greiddur erfðafjárskattur.

Í hrd. 1978:255 reyndi á skýringu á orðunum „nánustu vandamönnum“. M, sem farist hafði á sjó, bjó í óvígðri sambúð með K, sem hann hafði áður verið giftur. Í tryggingarskilmálum slysatryggingar skipsins var ákvæði um, að dánarbætur skyldu greiddast „nánustu vandamönnum“ (erfingjum) hins látna. K og dóttir M kröfðust báðar bótanna. Talið var, að orðin „nánustu vandamenn“ bæri að skýra með hliðsjón af ákvæðum 5. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954, og tæki það ákvæði ekki samkvæmt beinum orðum til K, þar sem hún var ekki í hjúskap með M, er hann fórst. Ekki var heldur talið, að unnt væri að beita ákvæði 5. mgr. 105. gr. um maka með lögiöfnun um sambúðarkonu. — Í dönskum dómi, UfR 1978:979 VL, voru orðin „nánustu vandamenn“ (nærmeste pårørende) túlkuð á þann veg, að unnt væri að líkja sambúðarkonu við eiginkonu.

Þótt engin gagnkvæm framfærsluskylda sé milli fólks í óvígðri sambúð og ekki sé unnt að úrskurða annan aðilann til að greiða hinum framfærslueyri við slit sambúðar, þá hafa dómstólar dæmt sambúðaraðila bætur vegna missis framfæranda, sbr. t. d. hrd. 1957:158. Við ákvörðun bóta var þó litið til þess að sambandi aðila varð ekki að fullu jafnað til hjúskapar. Ákvæði 2. mgr. 264. gr. alm. hgl. hefur verið skýrt á þann veg, að átt sé við raunverulegan framfæranda, þótt ekki sé um lagaskyldu að ræða.

#### *Um 1. gr.*

Þau nýmæli, sem í þessari grein felast, eru að skiptarétti verði heimilað að skipta búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð.

Þar sem lög nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., hafa nánast eingöngu að geyma verklagsreglur um skipti á þeim búum, en ekki efnisreglur, þ.e. reglur um efnislegan rétt þeirra sem í hlut eiga, þykir rétt að hafa sama háttinn á varðandi skipti á búum sambýlisfólks. Eðlilegt verður þó að telja að skiptaréttur hafi við skipti á þúi sambúðarfólks hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m. a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.